



Sóknaráætlun Vestfjarða 2025

Árleg greinagerð Fjórðungssambands Vestfirðinga og Vestfjarðastofu um framkvæmd samnings um Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029



Fjórðungssamband
Vestfirðinga

Efnisyfirlit

Formáli	3
Mat á árangri Sóknaráætlunar	4
Fjárframlög til samnings	5
Samráðsvettvangur	6
Áhersluverkefni	7
ÁH25-01 Svæðisskipulag Vestfjarða	8
ÁH25-02 Uppbygging og fjárfestingar	9
ÁH25-03 Visit Westfjords og Vestfjarðaleiðin	10
ÁH25-04 Blámi	11
ÁH25-05 Ungmennalýðæði á Vestfjörðum	12
ÁH25-06 Verkefni á sviði farsældar og inngildingar	13
ÁH25-07 Sólmyrkvi 2026	14
ÁH25-08 Gullkistan Vestfirðir - Samfélag, Auðlindir, orka og innviðir	15
Uppbyggingarsjóður	16
Fagráð og úthlutunarnefnd	16
Úthlutun 2025	18
Lokaorð	22
Undirritun og staðfesting	23
Viðauki	24

Formáli

Ný Sóknaráætlun 2025-2029 var samþykkt á 64. fundi stjórnar Fjórðungssamband Vestfirðinga og Vestfjarðastofu þann 30. október 2024. Er þetta því fyrsta ár nýrrar áætlunar.

Mikil vinna var lögð í nýja sóknaráætlun, í mörg horn var litið og fjölmargir kallaðir að borðinu. Við gerð Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029 hófst samráð með spurningakönnun til styrkþega Uppbyggingarsjóðs og til kjörinna fulltrúa, stjórnar Vestfjarðastofu og Sóknarhóps. Haldnir voru fjórir opnir íbúafundir á öllum þremur svæðum Vestfjarða til að móta og forgangsraða áherslum og einn að auki með starfsfólki sveitarfélaga við Djúp. Á Ungmennahópi vorið 2024 var vinnustofa þar sem unga fólk fékk tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og til að ná örugglega að fanga raddir sem flestra var fjórum öðrum hópum boðið að taka þátt í fókusfundum.

Þegar búið var að greina helstu niðurstöður samráðsins voru þær bornar undir samráðsvettvang Sóknaráætlunar á úrvinnslufundi. Í framhaldi af því voru drög áætlunarinnar unnin og þau birt í Samráðsgátt stjórnvalda. Þau voru jafnframt kynnt á Fjórðungssþingi Vestfirðinga haustið 2024.

Þátttaka í samráðinu var framar vonum og samanlagt má áætla að um 450 manns hafi lagt sitt af mörkum við móttun Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029. Það er ekki bara hið fornkeðna að margar hendur vinni létt verk, heldur er það svo að eftir því sem fleiri leggja sitt af mörkum verður eignarhald yfir afurðinni víðara.

Í Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 er unnið með 4 megin flokka þar sem ytri áhrifaþættir umlykja þá, mynd 1

Meginmarkmið málaflokka og ytri áhrifaþættir



Mat á árangri Sóknaráætlunar

Sóknaráætlun Vestfjarða 2025–2029 var formlega innsigluð í lok janúar 2025 með undirritun nýrra fimm ára samninga við ríkið, þar sem heildarframlög ríkis og sveitarfélaga nema um 960 milljónum króna. Þar með hófst fyrsta ár áætlunar sem reist er á fjórum meginstoðum: atvinnulífi, samfélagi, umhverfi og menningu. Þegar litið er yfir árið er óhætt að segja að vel hafi tekist að koma áherslum hennar í farveg.

Árið 2025 var fyrsta ár Sóknaráætlunar 2025–2029. Við mat á árangri Sóknaráætlunar fyrsta starfsárið er horft til eftirfylgni verkefna og áherslna sem unnið var Sóknaráætlun 2020–2024 og hitt er að leggja upp árangursviðmið fyrir nýja áætlun og eftir því kostur er að leggja mat á árangur fyrsta starfsárið.

Á sviði atvinnulífs stóð Gullkistan Vestfirðir upp úr. Sýningin í íþróttahúsinu á Torfnesi í september dró saman á níunda tug fyrirtækja og stofnana og varð hvort tveggja í senn sýnileiki út á við og spegill inn á við. Henni var fylgt eftir með fjárfestaheimsóknum, málþingi um fjárfestingar á ársfundi og viðhaldi InWest-vefjarins, undir hatti áhersluverkefnanna um ímynd og uppbyggingu. Markaðsstarfið var kröftugt: metþátttaka á Mannamótum, þátttaka á Mid-Atlantic og Vestnorden, blaðamannaferðir og áframhaldandi þróun Vestfjarðaleiðarinnar og vetrarferðapjónustu. Samhliða voru umtalsverðar fjárfestingar inn í laxeldi, orku og hafnir á Vestfjörðum.

Í samfélagsmálum var stigið mikilvægt skref með stofnun farsældarráðs Vestfjarða og Farsældarþingi í nóvember – bein viðbrögð við þeirri þróun að hamingja og lýðheilsa íbúa hafa dvínað. Þetta er verkefn sem er undir viðaukasamningi Sóknaráætlunar og Mennta- og barnamálaráðuneytis til tveggja ára. Ungmennalýðræði eflist með Ungmennaráði Vestfjarða og ungmennþingi í Breiðavík, þar sem 55 ungmenni komu saman, fjármagnað með Erasmus-styrk auk þess að vera áhersluverkefni Sóknaráætlunar.

Umhverfisstoðin birtist skýrast í Svæðisskipulagi Vestfjarða 2025–2050, viðamesta verkefni ársins, þar sem sett er fram framtíðarsýn um 11.000 íbúa. Vinnslutillaga var kynnt um mitt ár og stefnt er að afgreiðslu sveitarfélaga vorið 2026. Blámi vann áfram að orkuskiptum og loftslagsstefna sveitarfélaganna tók á sig mynd. Í menningu blómstraði barnamenningarhátíðin Púkinn, Baskasetur Íslands var opnað í Djúpavík, ný menningarstefna er í smíðum og undirbúningur fyrir almyrkvann 12. ágúst 2026 hófst af krafti.

Árangurinn er því sýnilegur á öllum fjórum stoðum og öll átta áhersluverkefni ársins komust á gott skrið. Um leið ber að líta raunsætt á stöðu svæðisins. Stærsti vandi Vestfjarða – samgöngur, vetrarþjónusta og raforkuöryggi – ræðst að mestu af ákvörðunum ríkisins, og sóknaráætlun ein og sér leysir hann ekki. Lækkandi hamingjuvísar minna á að efnahagslegur uppgangur skilar sér ekki sjálfkrafa í aukinni velferð. Þá á eftir að samþætta sóknaráætlunina endanlega við svæðisskipulagið árið 2026.

Niðurstaðan er engu að síður skýr: fyrsta ár Sóknaráætlunar 2025–2029 einkenndist af sköpun, samstöðu og meðbyr. Grunnur hefur verið lagður – nú reynir á að breyta honum í varanlega velferð fyrir alla Vestfirðinga.

Fjárframlög til samnings

Heildarframlög ríkisins til Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025 var kr. 120.465.109.-

Samkvæmt samningi Fjórðungssamband Vestfirðinga, menningar- og viðskiptaráðuneytið og umhverfis-, orku- og lofslagsráðuneytið leggja sveitarfélög á Vestfjörðum árlega kr. 14.900.000 til Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029. Framlagið er tilgreint sem áhersluverkefni í menningar og umhverfismála og er bundið við stöðugildi menningarfulltrúa og verkefnastjórnun í umhverfismálum.

Tafla 1: Heildarfjárhæð samnings 2025

	fjárhæðir í kr.
Framlög ríkisins	120,465,109
Viðaukasamningar	
Framlög sveitarfélaga	14,900,000
Önnur framlög	838,658
Flutt frá fyrra ári	5,525,000
Vaxtatekjur	1,000,000
Samtals	142,728,767

Tafla 2: Ráðstöfun fjárframlaga 2025

	fjárhæðir í kr.
Áhersluverkefni	69,800,000
Uppbyggingarsjóður	43,000,000
Stofn- og rekstrarstyrkir	17,000,000
Viðaukasamningar	
Umsýsla	11,928,767
Ráðstafað á fyrra ári	
Óráðstafað í lok árs	1,000,000
Samtals	142,728,767

Samráðsvettvangur

Viðtækt samráð var haft þegar að Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 var gerð.

Við gerð Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029 hófst samráð með spurningakönnun til styrkþega Uppbyggingarsjóðs og til kjörinna fulltrúa, stjórnar Vestfjarðastofu og Sóknarhóps. Haldnir voru fjórir opnir íbúafundir á öllum þremur svæðum Vestfjarða til að móta og forgangsraða áherslum og einn að auki með starfsfólki sveitarfélaga við Djúp.

Á Ungmennabingi vorið 2024 var vinnustofa þar sem unga fólkið fékk tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og til að ná örugglega að fanga raddir sem flestra var fjórum öðrum hópum boðið að taka þátt í fókusfundum. Þeir hópar voru erlendir íbúar, menningarráð, erlendir fæðimenn og eldri borgarar



Þegar búið var að greina helstu niðurstöður samráðsins voru þær bornar undir samráðsvettvang Sóknaráætlunar á úrvinnslufundi. Í framhaldi af því voru drög þessarar ágætu áætlunar unnin og þau birt í Samráðsgátt stjórnvalda. Þau voru jafnframt kynnt á Fjórðungssþingi Vestfirðinga haustið 2024.

Þátttaka í samráðinu var framar vonum og samanlagt má áætla að um 450 manns hafi lagt sitt af mörkum við mótn Sóknaráætlunar 2025-2029.

Áhersluverkefni

Áhersluverkefni eru þróunarverkefni, sem unnin eru af starfsmönnum Vestfjarðastofu eða öðrum einstaklingum eða stofnunum á svæðinu sem hafa gert samning við Vestfjarðastofu um verkefni.

Áhersluverkefni eru fjármögguð sem hluti af Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 og skulu áhersluverkefni taka tillit til áherslna og markmiðum hennar.

Tafla 3: Áhersluverkefni 2025

framlag (kr.)

Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag*	Samtals	Framkvæmdaraðili
ÁH25-01 Svæðisskipulag Vestfjarða	15,000,000	31,534,881	46,534,881	Fjórðungssamband Vestfirðinga
ÁH25-02 Uppbygging og fjárfestingar	7,500,000	7,500,000	15,000,000	Vestfjarðastofa
ÁH25-03 Visit Westfjords og Vestfjarðaleiðin	7,500,000	12,500,000	61,534,881	Vestfjarðastofa
ÁH25-04 Blámi	10,000,000	55,000,000	65,000,000	Blámi
ÁH25-05 Ungmennalýðæði á Vestfjörðum	1,000,000		1,000,000	Fjórðungssamband Vestfirðinga
ÁH25-06 Verkefni á sviði farsældar og inngildingar	4,000,000	15,000,000	19,000,000	Vestfjarðastofa
ÁH25-07 Sólmýrkvi 2026	2,000,000		2,000,000	Vestfjarðastofa
ÁH25-08 Gullkistan Vestfirðir - Samfélag, Auðlindir, orka og innviðir	6,000,000	10,000,000	16,000,000	Vestfjarðastofa
Flutt til ársins 2026 og nýtt til úthlutunar áhersluverkefna á því ári	1,900,000		1,900,000	Vestfjarðastofa
Menningarmál sveitarfélaga	9,900,000		9,900,000	Fjórðungssamband Vestfirðinga
Umhverfismál sveitarfélaga	5,000,000	15,000,000	20,000,000	Fjórðungssamband Vestfirðinga
	69,800,000	146,534,881	257,869,762	

*mótframlag 2025, er eingöngu átt við fjármuni, ekki vinnuframlag

Áhersluverkefni árið 2025 námu 69.800.000 kr

Samkvæmt samningi Fjórðungssambands Vestfirðinga, innviðaráðuneytið, menningar- og viðskiptaráðuneytið og umhverfis-, orku- og lofslagsráðuneytið leggja sveitarfélög á Vestfjörðum árlega kr. 14.900.000, til Sóknaráætlunar Vestfjarða 2025-2029. Framlagið er tilgreint sem áhersluverkefni í menningar og umhverfismálum og er bundið við stöðugildi menningarfulltrúa og verkefnastjórnun í umhverfismálum.

ÁH25-01 Svæðisskipulag Vestfjarða

Markmið

Að halda áfram vinnu við gerð Svæðisskipulags Vestfjarða en miða við verklok apríl 2026

Árið 2025

Vinna að svæðisskipulagi vannst í meginatriðum á árinu í samræmi við verk og kostnaðaráætlun. En á grundvelli frumdraga lýsingar svæðisskipulags frá lokum árs 2024 var á fyrri hluta árs 2025 mótuð Vinnslutillaga á grundvelli 2. mgr 23. gr Skipulagslaga 123/2010. Vinnslutillagan var lögð fram til umsagnar í [Skipulagsgátt](#) í júní til loka ágúst. Vinna við úrvinnslu umsagna hófst strax í framhaldinu að umsagnarfresti lauk og drög að viðbrögðum við umsögnum voru kynnt á 70. Fjórðungspingi Vestfirðinga í september. Í lok október lauk vinnu á gerð tillögu til auglýsingar sem lögð var fram til umfjöllunar í svæðisskipulagsnefnd í nóvember. Niðurstaða nefndarinnar var að beina til sveitarfélaga sem standa að svæðisskipulaginu, að auglýsa tillögu að svæðisskipulagi til kynningar sbr. 24. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarfélögin samþykktu þessa beiðni svæðisskipulagsnefndar á fundum í desember og í framhaldi af því var send beiðni til Skipulagsstofnunar að hefja athugun á endanlegri tillögu að svæðisskipulagi Vestfjarða 2025 – 2050 sbr. 4. mgr. 23. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

Með þessu lá fyrir í lok ársins samþykki allra sveitarfélaga á formlegri afgreiðslu svæðisskipulagsnefndar um að auglýsa tillögu að svæðisskipulagi Vestfjarða ásamt fylgigögnum, skýrslu um stöðumat og skýrslu um umhverfismat og hefja þann feril að ljúka gerð svæðisskipulagsins á fyrri hluta árs 2026.

Þannig var unnið markvisst að markmiði verkefnisins um að halda áfram gerð svæðisskipulagsins með verklok í apríl 2026, og staðan í árslok er í fullu samræmi við þá áætlun.

Framkvæmdaraðili: Fjórðungssamband Vestfirðinga fyrir hönd Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða

Samstarfsaðilar: Sveitarfélög á Vestfjörðum, skipulagsráðgjafi og Skipulagsstofnun

Tímarammi - september 2023 - apríl 2026

Framlag úr Sóknaráætlun til þriggja ára - Kr. 15.000.000 kr fyrir árið 2025

ÁH25-02 Uppbygging og fjárfestingar

Markmið

- Að kynna fjárfestingarmöguleika á Vestfjörðum ásamt því að laða að nýja fjárfesta
- Að tengja kynningar við aðgerðir tengdar ímynd samfélags og atvinnulífs á Vestfjörðum í samstarfi við sveitafélög og fyrirtæki
- Ýta undir aukna uppbyggingu íbúðahúsnæðis, gististaða og afþreyingar í ferðapjónustu

Árið 2025

Á árinu var unnið að því að draga fram fjárfestingartækifæri á Vestfjörðum og tengja þau jákvæðri ímynd samfélags og atvinnulífs. Á ársfundi Vestfjarðastofu í maí var efnt til málþingsins „Frumkvæði og fjárfestingar“, þar sem áhersla var lögð á mikilvægi þess að skjóta fleiri stoðum undir efnahagslíf svæðisins.

Upplýsingavefurinn InWest.is var uppfærður og honum haldið við sem gátt fyrir innlenda og erlenda fjárfesta, meðal annars í samstarfi við Íslandsstofu.

Í lok september var haldinn fjárfestafundur í tengslum við sýninguna Gullkistuna Vestfirði, í samstarfi við Bláma og Hvetjanda hf., þar sem hópi fjárfesta og fólks úr fjármálageiranum var boðið vestur og farið í fyrirtækjaheimsóknir. Samhliða voru umtalsverðar fjárfestingar á Vestfjörðum – í laxeldi, orkuinnviðum, höfnum og uppbyggingu kalkþörungaverksmiðju í Súðavík – og í farvatni eru fjárfestingar í gistingu og afþreyingu. Vestfjarðastofa stóð jafnframt vörð um forsendur þessarar uppbyggingar með virkri hagsmunagæslu.

Með þessu var unnið að öllum þremur markmiðum verkefnisins: að kynna fjárfestingarmöguleika og laða að nýja fjárfesta, að tengja kynningar við ímynd samfélags og atvinnulífs í samstarfi við sveitarfélög og fyrirtæki, og að ýta undir aukna uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, gististaða og afþreyingar í ferðapjónustu.

Framkvæmdaraðili: Vestfjarðastofa

Samstarfsaðilar: Sveitarfélög og fyrirtæki á Vestfjörðum

Ráðuneyti: Atvinnuvegaráðuneyti, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og félagsmálaráðuneytið

Tímarammi: mars 2023–desember 2027

Framlag úr Sóknaráætlun til þriggja ára - 7.500.000 kr á ári

ÁH25-03 Visit Westfjords og Vestfjarðaleiðin

Markmið

- Lenging ferðamannatímabilsins á Vestfjörðum
- Þróun ferðaleiðar – Vestfjarðaleiðin
- Auknar fjárfestingar í ferðapjónustu á Vestfjörðum
- Aukin vetrarferðapjónusta á Vestfjörðum

Árið 2025

Á árinu var unnið að markvissri kynningu og þróun ferðapjónustu á Vestfjörðum, með áherslu á Vestfjarðaleiðina, vetrarferðapjónustu og aukinn sýnileika landshlutans. Vestfirðir voru meðal annars kynntir á vinnustofum Kuoni Tumlare í Osaka og Tokyo, auk Vestnorden sem haldið var á Akureyri. Þá var ferðasýningin Mannamót í Kópavogi haldin í samstarfi við Markaðsstofur landshlutanna.

Tekið var á móti fjölmiðlafólki og áhrifavöldum frá erlendum mörkuðum. Þar má sérstaklega nefna hópblaðamannaferð þýskra miðla þar sem áhersla var lögð á Vestfjarðaleiðina, en afrakstur þeirrar ferðar var meðal annars ítarleg umfjöllun í National Geographic. Einnig var tekið á móti áhrifavöldum úr hjólreiðaheiminum og unnið að gerð stikla og heimildarmyndar um hjólaleiðina Vestfjarðaleiðina.

Unnið var áfram að þróun vetrarferðapjónustu á Vestfjörðum. Í tengslum við verkefnið voru haldnar þrjár vinnustofur með ferðapjónum og hagaðilum þar sem áhersla var lögð á tækifæri til vöruþróunar, aukið framboð utan háannar og styrkingu Vestfjarða sem heilsársáfangastaðar.

Samhliða þessu var unnið að markvissri endurskoðun Áfangastaðaáætlunar Vestfjarða. Gagnaöflun fór meðal annars fram í gegnum íbúafundi á þremur svæðum þar sem kallað var eftir sjónarmiðum sveitarfélaga, íbúa og hagaðila um áherslur, uppbyggingu og framtíðarþróun ferðapjónustu í landshlutanum.

Markaðsstofan hélt jafnframt úti upplýsingavefnum Westfjords.is og samfélagsmiðlum Visit Westfjords, sem gegna mikilvægu hlutverki bæði í kynningu á Vestfjörðum og upplýsingagjöf til ferðamanna. Verkefnið skilaði sér í auknum sýnileika landshlutans, áframhaldandi þróun Vestfjarðaleiðarinnar, styrkara samstarfi við ferðapjóna og aukinni áherslu á uppbyggingu ferðapjónustu utan hefðbundins háannatíma.

Verkefnið vann þannig beint að markmiðum sínum um lengingu ferðamannatímabilsins, þróun Vestfjarðaleiðarinnar, auknar fjárfestingar í ferðapjónustu og efla vetrarferðapjónustu á Vestfjörðum.

Framkvæmdaraðili: Vestfjarðastofa

Samstarfsaðilar: Ferðapjónar og sveitarfélögin á Vestfjörðum

Ráðuneyti: Atvinnuvegaráðuneytið

Tímarammi: 2025, 2026 og 2027

Framlag úr Sóknaráætlun til þriggja ára - Kr. 7.500.000- á ári

ÁH25-04 Blámi

Markmið

Að styðja við og efla nýsköpun og þróun orkuskiptaverkefna með því að auka hlut vistvæns eldsneytis, vetnis og rafeldsneytis í samgöngum og iðnaði.

Árið 2025

Áframhald var á verkefnum Bláma og góðu samstarfi um ýmis orku- og fjárfestingaverkefni. Blámi vann náði með stærstu fiskeldisfyrirtækjum svæðisins, sveitarfélögum, tæknifyrirtækjum og menntastofnunum að orkuskiptaverkefnum, með sérstaka áherslu á sjávar tengda starfsemi á borð við rafvæðingu fóðurpramma og báta og uppbyggingu hleðsluinnviða í höfnum, og studdi fyrirtæki og stofnanir við umsóknir í sjóði á borð við Loftslags- og orkusjóð.

Í ágúst gaf Blámi út Vestfirsku Orkukortið, sem sýnir á aðgengilegan hátt helstu virkjanir, virkjanakosti, stöðu einstakra verkefna og raforkuinnviði á Vestfjörðum, og er ætlað að dýpka umræðu um orku- og innviðamál svæðisins. Blámi kom jafnframt að fjárfestafundi með Vestfjarðastofu og Hvetjanda hf. í september og hélt áfram samstarfi við Innviðafélag Vestfjarða um frekari innviðauppbyggingu.

Þannig vann Blámi að meginmarkmiði sínu um að styðja við og efla nýsköpun og þróun orkuskiptaverkefna og auka hlut vistvæns eldsneytis, vetnis og rafeldsneytis í samgöngum og iðnaði og að því að fyrirtæki og sveitarfélög á Vestfjörðum verði sýnilegir og virkir þátttakendur í orkuskiptum.

Framkvæmdaraðili: Blámi

Samstarfsaðilar: Landsvirkun, Orkubú Vestfjarða, Umhverfis, orku og loftslagsráðuneytið, Sveitarfélög og fyrirtæki á Vestfjörðum

Ráðuneyti: Umhverfis- orku og loftslagsráðuneyti

Tímarammi: 2025-2026

Framlag úr Sóknaráætlun til tveggja ára: Kr. 10.000.000.- kr á ári

ÁH25-05 Ungmennalýðæði á Vestfjörðum

Markmið

Að skapa vettvang til að stuðla að aukinni lýðræðisþátttöku og -þekkingu ungmenna á Vestfjörðum. Í því felst að styðja við ungmennaráð sveitarfélaganna, stuðla að auknu samstarfi ungmenna innan fjórðungsins og að stofnað verði ungmennaráð Vestfjarða sem haldi árlega ungmennáþing Vestfjarða.

Árið 2025

Ungmennaráð Vestfjarða fundaði sjö sinnum á árinu 2025. Ungmennáþing Vestfjarða var haldið í Breiðuvík dagana 8.-10. september, þar sem 56 ungmenni alls staðar að af Vestfjörðum komu saman; þingið var meðal annars fjármagnað með Erasmus-styrk. Í desember fór ráðið í heimsókn á Alþingi og sótti ungmennaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ráðið skilaði einnig ávarpi um Svæðisskipulag Vestfjarða til ársins 2050, þar sem það lagði áherslu á að ungt fólk verði sett í forgang í húsnæðis-, samgöngu-, mennta-, atvinnu- og félagsmálum.

Með reglubundnu starfi ráðsins, árlegu ungmennáþingi og virkri aðkomu að stefnumótun var unnið beint að markmiði verkefnisins um aukna lýðræðisþátttöku og -þekkingu ungmenna, eftir samstarf ungmenna innan fjórðungsins og starfandi ungmennaráð Vestfjarða.

Framkvæmdaraðili: Vestfjarðastofa

Samstarfsaðilar: Ungmennaráð sveitarfélaga á Vestfjörðum, Menntaskólinn á Ísafirði, Lýðskólinn á Flateyri, sveitarfélögin á Vestfjörðum

Ráðuneyti: Mennta- og barnamálaráðuneyti og Innviðaráðuneytið

Tímarammi: 2025-2027

Framlag úr Sóknaráætlun til þriggja ára: Kr. 1.000.000.- kr á ári

ÁH25-06 Verkefni á sviði farsældar og inngildingar

Markmið

- Að vinna að verkefnum á sviði farsældar og inngildingar á Vestfjörðum
- Farsældarþing haldið á árinu 2025

Árið 2025

Farsældarþing Vestfjarða fór fram 7. nóvember 2025 á Ísafirði, þar sem Farsældarráð Vestfjarða var stofnað. Áður en ráðið var stofnað starfaði undirbúningshópur með fulltrúum úr öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum að því að móta ráðið og kortleggja sameiginlegar áskoranir tengdar farsæld barna og inngildingu á svæðinu. Aðgerðaáætlun um farsæld barna er nú í vinnslu hjá ráðinu. Þá var unnin skýrsla um samræmda móttöku og inngildingu íbúa af erlendum uppruna, mótuð tillaga að móttökuáætlun og hún send öllum sveitarfélögum á svæðinu.

Verkefnið skilaði þannig báðum markmiðum ársins: að halda Farsældarþing 2025 og að vinna að verkefnum á sviði farsældar og inngildingar á Vestfjörðum, með stofnun farsældarráðs og grunni að samhæfðri þjónustu við börn og fjölskyldur um allan landshlutann.

Framkvæmdaraðili: Vestfjarðastofa

Samstarfsaðilar: Sveitarfélög á Vestfjörðum, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Gefum íslensku séns, Öruggari Vestfirðir, Vinnumálastofnun ofl.

Ráðuneyti: Mennta- og barnamálaráðuneyti og Félagsmálaráðuneyti

Tímarammi: 2025 og 2026

Framlag úr Sóknaráætlun til tveggja ára - 4.000.000 kr fyrir árið 2025

ÁH25-07 Sólmyrkvi 2026

Markmið

- Að samþætta undirbúning sveitarfélaga og ferðapjóna á Vestfjörðum fyrir Sólmyrkvi 2026
- Að vinna með Íslandsstofu og sveitarfélögum að samþættingu og dreifingu upplýsinga til ferðamanna
- Að stuðla að fræðslu innan og utan Vestfjarða um viðburðinn

Árið 2025

Stofnaður var samráðshópur sveitarfélaga á Vestfjörðum til að undirbúa komu almyrkvans 12. ágúst 2026. Samhliða því var unnið í nánu samstarfi við aðrar markaðsstofur á almyrkvaslóð um útfærslur, upplýsingagjöf og sameiginlega nálgun. Markaðsstofurnar beittu sér einnig fyrir því að vekja athygli stjórnvalda á umfangi viðburðarins, sem leiddi til þess að stýrihópur um málið var settur á lagginnar í lok árs.

Þannig var unnið að öllum markmiðum verkefnisins: að samþætta undirbúning sveitarfélaga og ferðapjóna, að vinna með Íslandsstofu og sveitarfélögum að samþættingu og dreifingu upplýsinga til ferðamanna, og að stuðla að fræðslu innan og utan Vestfjarða um viðburðinn.

Framkvæmdaraðili: Vestfjarðastofa

Samstarfsaðilar: Sveitarfélögin á Vestfjörðum, Íslandsstofa og fyrirtæki á Vestfjörðum

Ráðuneyti: Atvinnuvegaráðuneytið

Tímarammi: 2025 og 2026

Framlag úr Sóknaráætlun til tveggja ára: 2.000.000.- kr á ári

ÁH25-08 Gullkistan Vestfirðir - Samfélag, Auðlindir, orka og innviðir

Markmið

- Að verkefnið "Gullkistan Vestfirðir" verði samnefni fyrir viðburði næstu tvö árin sem auka eigi sýnileika Vestfirskra fyrirtækja
- Að auka samstarf Vestfirskra fyrirtækja
- Að auka vitund um mikilvægi framleiðsluafurða frá Vestfjörðum
- Að auka stolt og vitund Vestfirðinga um afurðir svæðisins
- Að hveja til aukinnar neyslu afurða svæðisins á Vestfjörðum og Íslandi öllu.

Árið 2025

Í byrjun árs 2025 hófst vinna við þróun sýningarinnar og vörumerkisins Gullkistan Vestfirðir. Farið var í fyrirtækjaheimsóknir um alla Vestfirði þar sem m.a var kannaður áhugi á þátttöku. Þá voru haldnar vinnustofur með Sóknarhópi Vestfjarða og í kjölfar þeirrar vinnu var sett fram eftirfarandi markmið:

Gullkistan Vestfirðir er metnaðarfull og fjölbreytt sýning sem dregur fram það besta sem Vestfirðir hafa upp á að bjóða í atvinnulífi og menningu. Markmiðið er að sýna Vestfirði sem líflegt og framsækið svæði – svæði sem byggir á sterkum rótum og blómstrar með hugviti í átt að sjálfbærri og farsælli framtíð. Á Gullkistunni Vestfirðir segjum við sögur af svæði sem þorir og getur – þar sem fjölbreytt mannlíf, tækninýjungar, frumkvæði og samheldni móta samfélag í stöðugri þróun.

Vestfjarðastofa vann að undirbúningi sýningarinnar fram á haust, sem lauk með stórsýningu 6. september 2025 á Torfnesi á Ísafirði. Þar komu saman 74 fyrirtæki, stofnanir og frumkvöðlar víðs vegar af Vestfjörðum sem kynntu starfsemi sína og styrktu tengslin sín á milli. Fjölmarginir gestir lögðu leið sína á sýninguna, þar á meðal forseti Íslands, atvinnuvegaráðherra og mennta- og barnamálaráðherra. Aðsókn var mikil og viðtökur afar góðar.

Sýnendur og gestir lýstu ánægju vegna fjölbreytni þátttakenda og hvernig viðburðurinn varpaði ljósi á hversu öflugt og margbreytilegt atvinnulíf Vestfjarða er.

Í lok september var síðan haldinn fjárfestafundur í samstarfi við Bláma og Hvetjanda hf., þar sem meðal annars var farið í fyrirtækjaheimsóknir til Háfells, Drymlu, Jakob Valgeirs og Kerecis.

Sýningin og þeir viðburðir sem henni fylgdu unnu beint að markmiðum verkefnisins um að auka sýnileika vestfirskra fyrirtækja og afurða, efla samstarf þeirra á milli og styrkja stolt og vitund Vestfirðinga um afurðir og atvinnulíf svæðisins.

Framkvæmdaraðili: Vestfjarðastofa

Samstarfsaðilar: Sóknarhópur Vestfjarðastofu, Blámi og Innviðafélag Vestfjarða

Ráðuneyti: Atvinnuvegaráðuneytið

Tímarammi: 2025 og 2026

Framlag úr Sóknaráætlun til tveggja ára: 6.000.000.-kr á ári

Frekari markmið og upplýsingar um öll verkefni má finna á heimasíðu Vestfjarðastofu

www.vestfirdir.is

Uppbyggingarsjóður

Stjórn Vestfjarðastofu samþykkti á fundi þann 30. október 2024 ramma styrkúthlutunar, starfshætti og úthlutunarreglur Uppbyggingarsjóðs Vestfjarða fyrir árið 2025. Umsóknarfrestur var til 31. október 2024, en alls bárust sjóðnum 98 umsóknir upp á 182,5 milljónir kr.

Að jafnaði er litið til verkefna sem efla listir, menningu, nýsköpun og atvinnuþróun á svæðinu, fjölgun atvinnutækifæra, stuðla að vöruþróun og gæði hönnunar, auka fagmennsku á sviði lista og menningar, styðja við uppbyggingu og eflingu menningartengdrar ferðaþjónustu og verkefni sem eru gjaldeyrisskapandi. Styrkirnir eru tvennskonar:

Verkefnastyrkir til
atvinnuþróunar,
nýsköpunar og á sviði
menningar

Stofn- og rekstrarstyrkir til
menningarstofnana

Í Sóknaráætlun 2025-2029 eru færri og hnitmiðari áherslur en áður hefur verið og samþykkti stjórn því breytingar á reglum Uppbyggingarsjóð að í staðinn fyrir að velja sérstakar áherslur á hverju ári að þá séu allar áherslur undir hverju sinni.

Fagráð og úthlutunarnefnd

Á 69. Fjórðungspingi Vestfirðinga á hausti, 18.-19. október 2024 var samþykkt tillaga kjörnefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga að fagráði og úthlutunarnefnd til tveggja ára.

Fagráð meta gæða umsókna og leggja tillögu fyrir úthlutunarnefnd um styrkhæf verkefni, úthlutunarnefnd tekur tillögur fagráða og ákveða styrkfjárhæð

Þau sem sátu í fagráðum og úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs 2025 voru;

Fagráð menningar

Aðalmenn

Smári Haraldsson, Ísafjarðarbæ
Jóhann Örn Hreiðarsson, Vesturbyggð
Kolfinna Ýr Ingólfssdóttir, Reykhólum
Elsa Arnardóttir, utan svæðis, formaður

Varamenn

Guðrún Bjarnveig Magnúsdóttir, Bolungarvík
Klara Berglind Húnfjörð, Vesturbyggð
Marta Jóhannesdóttir, Kaldrananeshreppur
Greipur Gíslason, utan svæðis

Fagráð atvinnuþróunar og nýsköpunar

Aðalmenn

Tinna Ólafsdóttir, Ísafjarðarbæ
Jónas Snæbjörnsson, Vesturbyggð
Þorgeir Pálsson, Strandabyggð
Hólmfríður Einarsdóttir, utan svæðis, formaður

Varamenn

Jón Páll Hreinsson, Bolungarvík
Sigurður Viggósson, Vesturbyggð
Viktoría Rán Ólafsdóttir, Kaldrananeshreppi
Arnar Sigurðsson, utan svæðis

Úthlutunarnefnd

Aðalmenn

Kristján Þór Kristjánsson Ísafjarðarbæ, formaður
Friðbjörg Matthíasdóttir, Vesturbyggð
Arnín Óladóttir, Kaldrananeshreppur
Elsa Arnadóttir formaður fagráðs menningar
Hólmfríður Einarsdóttir, formaður fagráðs nýsköpunar

Varamenn

Olga Agata Tabaka, Bolungarvíkurkaupstað
Hrefna Jónsdóttir, Reykhólahreppi
Páll Vilhjálmsson, Vesturbyggð
Greipur Gíslason, utan svæðis
Arnar Sigurðsson, utan svæðis

Úthlutun 2025

Auglýst var eftir umsóknum um styrk úr sjóðnum á samfélagsmiðlun bæði með fréttum og kostuðum auglýsingum. Einnig var auglýst á vef Vestfjarðastofu og með vefborðum á BB.is.

Fyrir árið 2025 voru 60.0000.000.- kr til úthlutunar. Þar af var frá samningi um Sóknaráætlun Vestfjarða 53.650.000 að viðbættum styrkjum fyrri ára, 5.525.000 kr og innlánsvöxtum 500.000 kr – auk óráðstafaðar vaxtatekna frá 2023, 325.000.- kr, **Samtals 60.000.000.-**

Úthlutunarnefnd fundaði 14, 25 og 26. nóvember 2024. Allir sem sóttu um í sjóðinn fengu senda niðurstöðu í tölvupósti þann 27. nóvember 2024. Úthlutunarhóf var haldið 6. desember 2024

Styrkt voru eftirfarandi 60 verkefni;

Stofn og rekstrarstyrkir árið 2025

Sauðfjársetrið á Ströndum	3 ár	2,000,000
Kómedíuleikhúsið atvinnuleikhús	3 ár	2,000,000
Strandagaldur	3 ár	2,000,000
Edinborgarhúsið	2 ár	2,000,000
Netagerðin – Skapandi vinnustofur	3 ár	2,000,000*
Báta og hlunnindasýningin á Reykhólum		1,500,000
Baskasetur		1,500,000
Safn Gísla á Uppsölum		1,000,000
ArtIceland og Úthverfa		1,000,000
Listasafn Samúels		1,000,000
Skrímslasetrið		1,000,000
		17,000,000

*Styrkur lækkar í 1.500.000 kr árið 2026 og 1.000.000 árið 2027

Menningarverkefni árið 2025	upphæð
Við Djúpið, félag – Tónlistahátíðin við Djúpið,	2,000,000*
Skjaldborg - hátíð íslenskra heimildarmynda - Skjaldborg	2,000,000*
Tungumálatöfrar	2,000,000*
Act alone, félagasamtök – Act alone 2025	1,500,000
Arnkatla - lista- og menningarfélag – Galdrafár á Ströndum	1,200,000
The Pigeon International Film Festival	1,000,000
Edinborgarhúsið ehf - Menningarviðburðir	1,000,000
Hótel Djúpavík ehf. - The Factory Art Exhibition	1,000,000
Kómedíuleikhúsið – Þannig var það	1,000,000
Sauðfjársetur á Ströndum ses - Náttúrubarnahátíð á Ströndum 2025	1,000,000
Andrew Junglin Yang - International Westfjords Piano Festival	900,000
Fossavatnsgangan - Fossavatnsgangan 90 ára	900,000
Blús milli fjalls og fjöru	900,000
Náttúrustofa Vestfjarða - Skoðum landnám á Vestfjörðum saman !	850,000
Maksymilian Haraldur Frach - 5. F. Chopin Tónlistarhátíðin á Ísafirði	800,000
Byggðasafn Vestfjarða - Eilífa bið eftir engu, sögur úr köldu stríði	700,000
Leiklistarhópur Halldóru ehf. - Leiklist með börnum	700,000
Minjasafn Egils Ólafssonar - Eldblóm á Hnjóti - Viðburðardagskrá	700,000
Kol og salt ehf - Gallerí Úthverfa - sýningar á afmælisári 2025	600,000
Leikfélag Hólmavíkur - Leikrit í fullri lengd	500,000
Hollvinasamtök Ágústu ÍS - HAF OG HAMINGJA	500,000
Juraj Hubinák - Gullni Sópurinn einleiks-brúðuleiksýning	500,000
Leikfélag Flateyrar - Frumsamið leikverk í fullri lengd	500,000
Sögumiðlun ehf - Reykjanes við Djúp - vefur og skilti	500,000
Andrá kvikmyndafélag ehf. - Friðland	400,000
Greta Lietuvninkaité-Suscické - Development of the reflective writing studio "Write it Out"	380,000
Skipsbækur ehf. - Myndasaga um íslenska reffin Flóka	300,000

Kol og salt ehf - ArtsIceland viðburðir 2025	250,000
Elfar Logi Hannesson - Leiklist á Flateyri	250,000
Andri Pétur Þrastarson - Á floti útgáfutónleikar Gosa	250,000
Eiríkur Stephensen - Jökull - hljóðinnsetning í Tankinum Flateyri	200,000
Elísabet Gunnarsdóttir - Franska kvikmyndahátíðin á Ísafirði 2025	120,000
	25,400,000

*Styrkur til þriggja ára

Atvinnuþróunar og nýsköpunarverkefni árið 2025	upphæð
Skíðafélag Strandamanna - Vetrarviðburðaparadís á Ströndum	2,000,000
Tinna Rún Snorradóttir - Gufubað við Pollinn	2,000,000
Fine Foods Íslandica ehf. - Marketing plan for sustainably grown seaweed products	1,500,000
Sigurður Halldór Árnason - 66°N Hemp: Cultivars, protein, oil and dairy alternatives.	1,500,000
S20 ehf. - Norðurfjara Menningarmiðstöð	1,500,000
Nielsdætur sf. - Eldblóma Elexir - hinn íslenski spritz	1,300,000
Fantastic Fjords ehf. - Vestfjarðaréttir - borðspil	1,000,000
Úr sveitinni ehf. - Virðisaukning ærkjöts	1,000,000
Sheep Trail Adventures ehf. - Sheep Trail Adventures Topography Maps and Leaflets	900,000
Íris Ösp Gunnarsdóttir - Bollafactorían	800,000
EGG Ráðgjöf ehf. - Vinnsla grjótkrabba	750,000
Galdur Brugghús ehf. - Export and competing at international level	750,000
The Fjord Hub ehf. - Framtíðin er reiðhjól	750,000
Gamla Pósthúsið ehf. - Gamla Pósthúsið Súðavík - Menningarmiðstöð og afþreying	650,000
Rozálie Rasovská - Ayurvedic wellness center in the Westfjords	500,000
Brendan Michael Kirby - Vestfirðir Klifur	400,000
425 ehf. - Villt að vestan; sauðkindin	300,000
	17,600,000

Sérstök skilyrði við verkefni í öllum flokkum.

*verkefni 15378 er skilyrt við laun verkefnastjóra

*verkefni 15184 er skilyrt við gerð markaðsáætlunar og gerð markaðsefnis

*verkefni 15239 er skilyrt við vöruþróun

*verkefni 15287 er skilyrt við viðskipta- og fjárfestingaráætlun

*verkefni 15255 er skilyrt við hönnun á markaðsefni og sýningarbás

*verkefni 15356 er skilyrt við gerð markaðsefni og heimasíðu

*verkefni 15191 er skilyrt við kaup á sérhæfðri færanlegri mjaltavél og þróun á notkun hennar

Lokaorð

Árið 2025 markaði upphaf nýrrar Sóknaráætlunar Vestfjarða. Þegar horft er yfir árið er ljóst að vel tókst til við að koma áætluninni í framkvæmd. Öll átta áhersluverkefni ársins komust á gott skrið. Uppbyggingarsjóður studdi sextíu fjölbreytt verkefni í menningu, atvinnuþróun og nýsköpun, og samstarf sveitarfélaga, fyrirtækja, stofnana og íbúa var öflugt. Sá kraftur sem einkenndi gerð áætlunarinnar, þar sem um 450 manns lögðu sitt af mörkum, hefur þannig skilað sér inn í framkvæmd hennar.

Það er sérstaklega ánægjulegt hversu fjölbreytt verkefni ársins eru. Svæðisskipulag Vestfjarða 2025–2050 leggur grunn að sameiginlegri framtíðarsýn fyrir Vestfirði, Gullkistan Vestfirðir varpaði ljósi á fjölbreytt og kraftmikið atvinnulíf og verkefni á sviði farsældar og ungmennalýðræðis settu velferð fólks í öndvegi. Á sama tíma hélt grasrótin uppi öflugum menningar- og félagsstarfi með stuðningi Uppbyggingarsjóðs. Þessi fjölbreytni endurspeglar þá staðreynd að Vestfirðir eru ekki eitt heldur margt ólík samfélög með ólíkar áskoranir sem þó deila sömu metnaðarfullu framtíðarsýn.

Það er þó svo að Sóknaráætlun er aðgerðaáætlun með afmarkað fjármagn og leysir ekki ein og sér stærstu úrlausnarefni svæðisins; samgöngur, vetrarþjónustu og raforkuöryggi, sem ráðast að mestu af ákvörðunum ríkisins. Þá minna lækkandi hamingjuvísar á að efnahagslegur uppgangur skilar sér ekki sjálfkrafa í aukinni velferð. Þess vegna verður áframhaldandi áhersla á farsæld, inngilding og lýðheilsu eitt mikilvægasta viðfangsefni komandi ára.

Framundan er mikilvægt ár. Árið 2026 verður Sóknaráætlunin í auknum mæli samþætt Svæðisskipulagi Vestfjarða, þannig að stefnuskjölin tvö myndi samstæða heild sem styður byggðapróun til framtíðar. Það er einlæg von okkar að sú samþætting styrki enn frekar þá sameiginlegu sýn sem mótuð hefur verið og geri okkur betur kleift að forgangsraða og fylgja málum eftir.

Að lokum viljum við þakka öllum þeim sem komu að framkvæmd Sóknaráætlunar á árinu 2025, sveitarfélögunum átta, fagráðum og úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs, samstarfsaðilum í ráðuneytum, fyrirtækjum, félagasamtökum, stofnunum og ekki síst íbúum Vestfjarða. Árangur áætlunarinnar byggist á þessu víðtæka samstarfi og þeirri seiglu og sköpunargleði sem löngum hefur einkennt vestfirsk samfélög.

Fyrsta ár Sóknaráætlunar 2025–2029 hefur lagt traustan grunn. Nú höldum við áfram með sömu samstöðu og bjartsýni og einkennt hefur árið og gerum Vestfirði að enn betri stað til að búa, starfa, heimsækja og njóta. Saman höldum við áfram í sókn.

Undirritun og staðfesting

Hér með er þessi greinargerð lögð fram og staðfest að allar upplýsingar eru gefnar af bestu vitund um nákvæmni, áreiðanleika og réttmæti.

Vestfjörðum 30.06.2026

Sigríður Ó Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri

Aðalsteinn Óskarsson, sviðstjóri

Magnea Garðarsdóttir, verkefnastjóri

Viðauki

Leiðbeiningar og skilgreining hugtaka í töflum

Tafla 1

Framlög ríkisins: Heildarframlög ríkisins til samningsins (grunnframlög frá INR og MNH).

Viðaukasamningar: Framlög sem koma sem viðaukar við samninginn, ef við á.

Framlög sveitarfélaga: Heildarframlög sveitarfélaga til samningsins.

Önnur framlög: Önnur framlög til samningsins, ef við á.

Flutt frá fyrra ári: Fjármunir sem ekki var ráðstafað árið 2024 (þ.m.t. styrkir sem féllu niður) og flutt yfir á árið 2025, ef við á.

Vaxtatekjur: Vaxtatekjur fjármuna samningsins árið 2025 (sbr. ákvæði samningsins).

Heildarupphæð: Samtala ofangreindra upplýsinga. Þessi tala á að vera sú sama og samtalan í töflu 2.

Tafla 2

Áhersluverkefni: Heildarupphæð sem ráðstafað var til áhersluverkefna.

Uppbyggingarsjóður: Heildarupphæð sem ráðstafað var til uppbyggingarsjóðs.

Stofn- og rekstrarstyrkir: Heildarupphæð sem ráðstafað var til stofn- og rekstrarverkefna, ef við á.

Viðaukasamningar: Heildarupphæð viðaukasamninga, ef við á.

Umsýsla: Heildarupphæð sem ráðstafað var í umsýslu með samningnum.

Ráðstafað á fyrra ári: Heildarupphæð sem ráðstafað var árið 2024 til ársins 2025, ef við á.

Óráðstafað í lok árs: Heildarupphæð sem ekki var ráðstafað árið 2025, ef við á. Stefnt skal að því að ráðstafa öllu framlagi hvers ár innan ársins.

Samtalan í töflu 2 á að vera sama samtalan í töflu 1.

Tafla 3. Áhersluverkefni

Heiti verkefnis: Þarfnast ekki skýringa.

Framlag úr sóknaráætlun: Þarfnast ekki skýringa.

Mótframlag: Heildarmótframlag til verkefnisins á árinu, ef við á. Athugið að hér er eingöngu átt við fjármuni, ekki vinnuframlag.